

GJALDSKRA
fyrir hunda- og kattahald í Vopnafjarðarhreppi árið 2020.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Vopnafirði sbr. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010 skal vera 12.300 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Vopnafirði sbr. 12. gr. samþykktar nr. 705/2010 skal vera 7.400 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði:

fyrir fyrsta skipti, sem dýrið er fangað	kr. 15.400
fyrir annað skipti	kr. 20.500
fyrir þriðja skipti	kr. 25.600

Að auki skal greiða kr. 3.100 fyrir hvem byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna fönungar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili. Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagað aflífunarkostnað.

5. gr.

Með vísan til 12. gr. í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer sarnkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld sarnkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald nr. 705/2010 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2020. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vopnafirði nr. 1321/2011.

Samþykkt í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, 11. desember 2019.

Þór Steinarsson sveitarstjóri

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2019